Reykjavík 16.12.2019

Efni bréfs: Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða í neðangreindri fyrirspurn.

Velferðarsvið

Reykjavík, 29. nóvember 2019
R19110409

Borgartún 10 - 12

105 REYKJAVÍK

Efni:
***Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Aðgerðir vegna fíkniefnaneyslu á róló aftan við Austurbæ***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 26. nóvember 2019 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn sbr. 18. lið:

> Íbúaráð óskar eftir upplýsingum um aðgerðir sem átti að fara í vegna fíkniefnaneyslu á róló aftan við Austurbæ við Njálsgötu. Vísað er til fundargerða hverfisráðs Hlíða dags. 25. janúar 2018, 8. lið og fundargerðar dags 21. september 2017, 8. lið.

Svar:
Fulltrúi Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er búinn að vera í samband við Mörtu Maríu Jónsdóttur verkefnastjóra hjá umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Í svari sem undirrituð fékk í tölvupósti þann 10.12.2019 frá Mörtu Maríu þá er verið að skoða lýsingu sem átti að setja utan á Austurbæ.
Ráðist var strax í að grisja, fækka trjám og snyrta til á leikvelli eftir ábendingar sem bárust frá hverfisráði Hlíða.
Nú er áætlað að gera frekari breytingar á svæðinu og er sú vinna hjá Umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi er minnisblað sem tekið var saman á Njálsgöturóló 29.11.2017

Virðingarfyllst

Sigþrúður Erla Arnardóttir
Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða